

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Grænni byggð – Green Building Council Iceland
Laugarvegur 176
105 Reykjavík
gb@graennibbyggd.is
www.graennibbyggd.is
Sími: +354 6922202



Umsögn Grænni byggðar

um uppfærða aðgerðaráætlun í loftslagmálum

Reykjavík, 1. október, 2020

1. Inngangur

Grænni byggð er samstarfsvettvangur um sjálfbæra þróun byggðar og var stofnað 2010.

Grænni byggð fagnar því að aðgerð C.3. Loftslagsáhrif byggingariðnaðarins sé komin inn í uppfærða aðgerðaráætlun. Það er afar jákvætt skref að vítt samstarf verði um þróun á metnaðarfullri áætlun um samdrátt í losun frá byggingariðnaði undir verkefnastjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar. Grænni byggð hlakkar til að taka þátt í mótun á þeirri áætlun ásamt öðrum hagsmunaaðilum.

Grænni byggð fagnar einnig aðgerðum sem snúa að samgöngum, bæði um breyttar ferðavenjur og efling almenningsamgangna (A1-A3) sem og orkuskipti í samgöngum (A.4-A10). Þetta eru allt mjög jákvæðar aðgerðir sem Grænni byggð styður heilshugar. Framkvæmdir vegna Borgarlínu eru afar jákvæðar og munu hafa víðtæklega jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild.

Það var brýn þörf fyrir þeim verkefnum sem Umhverfisráðherra hafði frumkvæði að árið 2018 sem snúa að umhverfismálum í byggingariðnaði. Áður en þau verkefni voru fjármögguð var



verulegur skortur á fræðsluefni um umhverfismál í byggingariðnaði. En Grænni byggð vann árið 2019, í samstarfi við fjölmarga aðila, að umfangsmiklu fræðsluefni fyrir byggingariðnaðinn um byggingarúrgang, hringrásarhagkerfið, vistferilsgreiningar, orkunotkun í byggingariðnaði og vistvottunarkerfi. Öllum þeim verkefnum sem Grænni byggð hafði verkefnastjórn með hafa verið kláruð á tilskildum tíma og mikið af fræðsluefni hefur verið útgefið á heimasíðu félagsins: <https://www.graennibyggd.is/utgefidefni>. Grænni byggð þakkar veittan stuðning í þessi verkefni.

Það er þó að afar mörgu að huga varðandi loftslagsvænni byggingariðnað og nauðsynlegt er að halda áfram að efla og fjármagna verkefni, rannsóknir, nýsköpun, fræðslu og mælingar á umhverfis/kolefnissfótspori byggingariðnaðarins. Það er því algjör nauðsyn að það fylgi fjármagn aðgerð C.3.

Vistvottun bygginga, eins og t.d BREEAM og Svansvottun hefur mjög jákvæð áhrif á umhverfið og dregur einnig almennt úr umhverfisáhrifum byggingariðnaðarins. Grænni byggð hvetur til þess og styður það heilshugar að vistvottunarkerfi fyrir byggingar og svæði séu nýtt í opinberum framkvæmdum.

2. Aðgerðaráætlunin í heild

Aðgerðaráætlunin beinist fyrst og fremst að því að tryggja að Ísland standi við beinar skuldbindingar sínar um samdrátt gróðurhúsalofttegunda.

Eins og fram kemur í aðgerðaráætluninni virða loftslagsbreytingar hvorki landamæri né losunarbókhald og því er mikilvægt að taka á losun óháð því hvar hún bókfærast. Að mati Grænni byggðar er í áætluninni ekki nægjanlega hugað að þessum þætti. Þjóðir sem að samkomulaginu standa þurfa að hvetja til þess í löndum sínum að unnið sé að sameiginlegum markmiðum samkomulagsins með því að skipuleggja og beita aðgerðum sem miða að því að breyta hugsun og hegðun manna. „Neysla okkar á Íslandi hefur kolefnisspor þótt mengunin verið til hinum megin á hnettinum og falli ekki undir losunarbókhald Íslands“ segir í fyrsta kafla aðgerðaráætlunarinnar. Þessa sér þó engin merki í þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru og þá sérstaklega í byggingariðnaði sem ber ábyrgð á um 36% af heildarlosun koltvísýrings á



heimsvísu, um 30%-50% af allri hráefnavinnslu og efnisnotkun, 30%-40% af öllum úrgangi í veröldinni og notar 40% af allri orku sem framleidd er.

Á Íslandi skortir heildasýn og vitneskju um loftslagsáhrif byggingariðnaðarins. Sé litið til reynslu og þekkingu nágrannaþjóða okkar er afar líklegt að 3% af heildarlosun sé aðeins toppurinn á ísjakanum.

Áætlun um samdrátt í losun frá byggingariðnaðinum

Varðandi áætlun um samdrátt í losun frá byggingariðnaði leggur Grænni byggð til eftirfarandi:

Kortleggja losun:

- Að losunarbókhaldi um byggingariðnaðinn verði komið á fót þar sem eftirfarandi þættir verði teknir inn:
 - Bílaumferð sem tengist byggingariðnaði
 - Losun á framkvæmdasvæðum/byggingarsvæðum
 - Losun frá innfluttu sementi og múrblöndum
 - Losun vegna innlendra og annara innfluttra byggingarefna (önnur efni enn sement)
 - Losun frá úrgangi og niðurrifi bygginga
 - Losun frá orkunotkun í rekstri bygginga
- Að sett verði markmið um samdrátt í öllum þáttum losunar fyrir 2030 sem styðja við að Ísland nái sínum loftslagsmarkmiðum.

Hvatar:

- Að stjórnvöld setji á laggirnar fjárfestingarsjóð sem hefur það hlutverk að veita viðbótarlán til bygginga sem ætlað er að skara framúr í því að lágmarka kolefnislosun.
- Að innleiddir verði fjárhagslega hvatar fyrir vistvænar byggingar /byggingar með lægra kolefnispor enn viðmiðunarbygging
- Flýtimeðferð í kerfinu fyrir byggingar og framkvæmdir sem uppfylla ákveðin skilyrði í loftslagsmálum



- Að innleiddir verði fjárhagslega hvatar til orkuskipta fyrir atvinnutæki, t.d. gröfur og aðrar vinnuvélar

Hið opinbera sem fyrirmynd

- Að Framkvæmdasýsla ríkisins og Ríkiseignir setji sér loftslagsmarkmið að fyrirmynd Statsbygg í Noregi¹
- Að stjórnvöld setji sér markmið um kolefnishlutleysi fyrir nýjar opinberar byggingar, fyrir viðhald á byggingum og fyrir alla opinbera innviði.

Þróun viðmiða og auknar kröfur, meðal annars í byggingarreglugerð

- Að þróa og lögfesta (með góðum fyrirvara) staðlaðar reikniaðferðir til að kortleggja kolefnislosun bygginga og krefja byggjendur um slíka útreikninga.²
- Að sett verði fram markmið að framkvæmdarsvæði verði jarðefnaeldsneytislauð
- Að byggingarreglugerð verði hert varðandi kröfur um umhverfisáherslur og kolefnislosun í markvissum þrepum á næstu 10 árum
- Að skilgreint verði og þróaðar leiðbeiningar um hvað er kolefnishlutlaus bygging í íslensku samhengi
- Að skilgreint verði og þróaðar leiðbeiningar um hvað er hringrásarbygging í íslensku samhengi
- Að orkunotkun verði mæld í helstu tegundum bygginga og leiðbeiningar um orkuútreikninga fyrir íslenskra byggingar verði bættar
- Að nýbyggingar á köldum svæðum verði að vera 20% orkunýtnari en byggingarreglugerð segir til um
- Að framkvæmdir á vegum ríkisins setji inn kröfur í útboðum um kortlagningu á losun og ákveðin markmið um samdrátt í losun

¹ <https://www.statsbygg.no/samfunnsansvar/klima> (I 2019 ble CO₂-utslippene i Statsbyggs byggeprosjekter redusert med 36 prosent)

² Til dæmis að fordæmi *standard NS 3720 - Metode for Klimagassberegninger for bygninger*



Viðhald bygginga

- Leitast við að nýta núverandi byggingar eins vel og hægt er og veita fjármagni í nauðsynlegt viðhald til að lengja líftíma bygginga í eigu ríkisins
- Að aðgerðir varðandi viðhald og rekstur bygginga hafi kolefnishlutleysi að leiðarljósi

Annað

- Að koma á fót og reka samhæfða gagnagrunna um kolefnislosun byggingarefna í samstarfi við Norðurlönd
- Að boða að byggingavöruframleiðendur gefi út umhverfisýfirlýsingar um byggingarvöruframleiðslu sína fyrir árið 2030

Fyrir hönd Grænni byggðar

Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

